

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 26. maí 1986

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aflúttak á landbúnaðardráttarvélum á hjólum og hlífar fyrir það

(86/297/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal tæknilegra krafna sem landbúnaðardráttarvélar á hjólum verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða aflúttak og hlífar fyrir það.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfur, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var viðfangsefni tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 ⁽⁴⁾ um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögum Spánar og Portúgals, geti átt við allar gerðir dráttarvéla.

Ályktun ráðsins frá 29. júní 1978 um áætlun Evrópubandalaganna um aðgerðir er varða öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum ⁽⁵⁾ kveður á um beitingu meginreglna varðandi slysavarnir í hönnun og framleiðslu véla- og tækjabúnaðar, meðal annars á sviði landbúnaðar. Ákvæði varðandi aflúttak og hlífar fyrir það teljast til öryggisþátta.

Samræming landslaga varðandi landbúnaðardráttarvélar á hjólum felur í sér gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á því eftirliti sem hvert um sig framkvæmir á grundvelli sameiginlegra krafna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Með „landbúnaðardráttarvél“ er átt við vélknúð ökutæki á hjólum eða beltum, sem hefur að minnsta kosti tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 164, 23. 6. 1983, bls. 5.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 307, 14. 11. 1983, bls. 104.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 341, 19. 12. 1983, bls. 2.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. C 165, 11. 7. 1978, bls. 3.

sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja ákveðnar vélar, verkfæri eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði. Það getur verið útbúið fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða, a.m.k. tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 30 km/klst.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél, eða banna sölu hennar, að hún sé skráð, tekin í notkun eða notuð, af ástæðum sem tengjast aflúttaki og hlífum fyrir það ef þeim kröfum sem nefndar eru um hlífar fyrir aflúttak í I. viðauka er fullnægt.

3. gr.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að mæla fyrir um, innan ramma sáttmálans, þær kröfur sem þau álíta nauðsynlegar til að tryggja vernd starfsmanna við notkun umræddra dráttarvéla, að því tilskildu að aflúttaki þeirra og hlífum fyrir það sé ekki breytt á neinn þann hátt sem ekki er getið um í þessari tilskipun.

4. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur I. viðauka og gerðarviðurkenningarvottorðið sem sýnt er í II. viðauka að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Kröfurnar í lið 5.2 í I. viðauka taka þó ekki gildi fyrr en 1. október 1995.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. maí 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

G. BRAKS

forseti.

I. VIDAUKI

SKILGREINING OG GILDISSVIÐ, UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU, EBE-GERÐARVIÐURKENNING, GERÐIR AFLÚTTAKS OG KRÓFUR UM HÖNNUN ÞESS OG STAÐSETNINGU OG HLÍFAR FYRIR ÞAÐ

1. SKILGREINING OG GILDISSVIÐ
 - 1.1. Með „aflúttaki“ er átt við þann hluta drifskafitsins sem stendur út úr dráttarvélinni og kemur vél á hreyfingu.
 - 1.2. Ákvæði þessarar tilskipunar taka einungis til aflúttaka eins og þau eru skilgreind í lið 1.1 og staðsett aftan á dráttarvélinni. Þó gildir liður 5.2 hér á eftir einungis um dráttarvélar sem hafa fast eða stillanlegt belti a.m.k. 1 150 mm á öðrum drífásnum.
2. UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU
 - 2.1. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans leggur fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu á dráttarvélargerð að því er varðar aflúttak og hlífar fyrir það.
 - 2.2. Umsókninni skulu fylgja teikningar, í þríriti, á hæfilegum mælikvarða sem er nægilega nákvæmur, af þeim hlutum dráttarvélarinnar sem falla undir kröfur þessarar tilskipunar.
 - 2.3. Dráttarvél sem er dæmigerð fyrir þá gerð er veita skal gerðarviðurkenningu eða þeir hlutar dráttarvélarinnar sem taldir eru nauðsynlegir fyrir framkvæmd prófananna sem krafist er í tilskipun þessari skulu afhentir þeirri tækniþjónustu sem annast gerðarviðurkenningarprófanir.
3. EBE-GERÐARVIÐURKENNING
 - 3.1. Vottorð sem samrýmist fyrirmyndinni í II. viðauka skal festa við EBE-gerðarviðurkenningavottorðið fyrir hverja viðurkenningu sem er veitt eða synjað um.
4. GERÐIR AFLÚTTAKS
 - 4.1. Eiginleikar aflúttaks skulu vera í samræmi við eina af þeim gerðum sem lýst er í töflu 1.

TAFLA 1

Eiginleikar gerða aflúttaks

Gerð	Nafn- þvermál (mm)	Fjöldi ríflna	Nafnsnúningshraði aflúttaks snúningar á mínútu ⁽¹⁾
1	35	6 beinar ríflur	} 540 og/eða 1 000
2	35	} Sniðskerðing	
3	45		

⁽¹⁾ Nema þegar snúningshraði aflúttaks er tengdur aksturshraða dráttarvélarinnar

- 4.2. Nauðsynlegt er að hægt sé að halda sama snúningshraða á aflúttaki með viðeigandi hætti.
- 4.3. Ef breytilegt hlutfall er á milli vélarhraða og snúningshraða aflúttaks skal hver breyting vera merkjanleg. Auk þess þarf að gera sérstakar hönnunarmælingar svo tryggja megi að ekki eigi sér stað óviljandi breytingar - einkum þegar skipt er yfir á meiri snúningshraða. Þessi öryggisbúnaður skal vera virkur í hvert sinn sem aflúttak er í gangi.
- 4.4. Valinn snúningshraði aflúttaks skal ávallt gefinn upp.

5. HÖNNUN OG KRÖFUR UM STAÐSETNINGU

5.1. **Snúningsátt aflúttaks að aftan**

Réttisælis þegar horft er á aflúttakið í sömu átt og dráttarvélin snýr

5.2. **Auða svæðið í kringum aflúttak**

Auða svæðið í kringum aflúttak verður að vera í samræmi við teikningarnar á mynd 1 og málin í töflu 2.

Hluti A - A

séð ofan frá

Mynd 1

Auða svæðið í kringum aflúttak

TAFLA 2

Mál fyrir auða svæðið í kringum aflúttak

Gerð	a lágmark	b hámark	c hámark	f lágmark	g lágmark	i lágmark	R kúluradíus hámark	a lágmark
1	76	80	60	120	240	280	76	55°
2								
3	89	100	65	145	290	295	89	51°

5.3. **Hlíf aflúttaks**5.3.1. *Hlíf*

5.3.1.1. Aflúttak skal verja með hlíf sem sett er á dráttarvélina og hylur a.m.k. efsta hlutann og tvær hliðar aflúttaksins eins og sýnt er á mynd 2 hér að aftan, eða með öðrum hætti sem gefur áþekka vörn og þegar aflúttak er staðsett í dæld sem er ýmist hluti af sjálfri dráttarvélinni eða myndað af sérstökum hlutum (festingar fyrir dráttarkrók, tengilok o.s.frv.)

5.3.1.2. Stærðir varnarhlífa eru sýndar í töflu 3 hér að aftan miðað við gerð aflúttaks.

5.3.1.3. Dráttarvélar verða einnig að vera með viðbótarvarnarbúnaði sem ekki snýst og hylur aflúttakið að fullu þegar það er ekki í notkun.

5.3.2. *Eiginleikar varnarhlífa*

5.3.2.1. Varnarhlífin skal hönnuð þannig að hún hindri ekki (eða til að auðvelda) notkun og viðhald dráttarvélarinnar. Viðhald á að geta átt sér stað án þess að varnarhlífin sé fjarlægð

5.3.2.2. Efnin sem notuð eru skulu geta staðist slæm veður, haldið vélrænum eiginleikum sínum í köldu veðri og vera nægilega sterk.

5.3.2.3. Á varnarhlífinni mega ekki vera oddar eða hvassar brúnir; á henni mega ekki vera op sem eru að þvermáli eða lengd yfir 8 mm önnur en þau sem eru nauðsynleg til að festa keðju varnarbúnaðarins fyrir hjörulið drifskafitsins og verður að geta borið 120 daN, nema hún sé hönnuð á þann hátt að ekki sé hægt að nota hana sem stigbretti.

Valfrjáls lögun

Lágmark 75mm

Op, 16 mm að þvermáli

Valfrjáls stærð horns

16,5 mm

Mynd 2

Varnarhlíf fyrir aflúttak af gerð 1, 2 og 3

TAFLA 3

Mál varnarhlífa fyrir aflúttak

Gerð	Mál varnarhlífa ⁽¹⁾ (mm)			
	a	b ± 5	c ± 5	d ± 5
1	70	125	85	285
2	70	125	85	285
3	80	150	100	300

⁽¹⁾ Þegar dráttarvélar eru með tvö aflúttök að aftan má stilla mál b og/eða d þannig að bilið milli ásanna og varnarhlífar haldist óbreytt.

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND

Heiti yfirvalds

**VIÐAUKI VIÐ EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR GERÐ DRÁTTARVÉLAR
VARÐANDI AFLÚTTAK OG HLÍFAR FYRIR ÞAÐ**

(2. mgr. 4. gr. og 10. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum)

- EBE-gerðarviðurkenningarnúmer
1. Viðskiptaheiti eða merki dráttarvélar
 2. Gerð dráttarvélar
 3. Nafn og heimilisfang framleiðanda
 -
 4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á)
 -
 5. Stutt lýsing á gerð aflúttaks og hlífum fyrir það
 -
 6. Dráttarvél afhent til gerðarviðurkenningar þann
 7. Tækniþjónustan sem sér um gerðarprófun
 8. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gaf út
 9. Númer skýrslu sem þjónustan gaf út
 10. EBE-gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um EBE-gerðarviðurkenningu að því er snertir aflúttak og hlífar fyrir það⁽¹⁾
 11. Eftirfarandi teikningar merktar ofangreindu gerðarviðurkenningarnúmeri fylgja skjali þessu:
Teikningar af þeim hlutum dráttarvélar sem teljast skipta máli að því er varðar tilskipun ráðsins 86/297/EBE frá 26. maí 1986 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aflúttak á landbúnaðardráttarvélum á hjólum og hlífar fyrir það.
Þessar teikningar skulu afhentar lögþærum yfirvöldum annarra aðildarríkja ef þau krefjast þess sérstaklega.
 12. Athugasemdir
 -
 -
 -
 -
 -
 -
 13. Staður
 14. Dagsetning
 15. Undirskrift

(1) Strikið yfir það sem á ekki við